



Reykjavík, 21. september 2021
SFS2021090267
216. fundur
HG/geb/gs

Til: skóla- og frístundaráðs

Frá: Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra varðandi breytingu á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verðir eftirfarandi breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar:

Núgildandi 1. mgr. 1. gr. er svohljóðandi:

Í Reykjavík eru 34 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg en borginni er skipt upp í 37 skólahverfi.

Lagt er til að gerð verði breyting á 1. mgr. 1. gr. og að ákvæðið verði svohljóðandi:

Í Reykjavík eru 36 almennir grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg og er borginni skipt upp í 36 skólahverfi.

Núgildandi 6. gr. er svohljóðandi:

6. gr. Skólaakstur/strætófargjald

Þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga rétt á skólaakstri/strætófargjaldi eru: Nemendur í 1.-5. bekk sem búa meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfissskóla sínum. Nemendur í 6.-10. bekk sem búa meira en 2 km göngufjarlægð frá hverfissskóla sínum.

Lagt er til að gerð verði breyting á 6. gr. og að ákvæðið verði svohljóðandi:

6. gr. Strætókort/skólaakstur

Í reglum Reykjavíkurborgar um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar er kveðið á um í hvaða tilfellum nemendur með lögheimili í Reykjavík og börn sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta átt rétt á strætókorti/farmiðum eða skólaakstri.

Breytingin taki gildi við samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Lagt er til að gerð verði breyting á 1. mgr. 1. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar þar sem grunnskólar Reykjavíkurborgar eru nú 36 en voru áður 34.

Þar sem lagt hefur verið til að settar verði nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar er lagt til að í 6. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar verði vísað til nýrra reglna um strætókort.

Fjárhagsleg áhrif

Breyting á reglunum leiðir ekki til aukins kostnaðar af hálfu skóla- og frístundasviðs.